
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Emilíana Torrini og Sinfó
Fim. 19. maí » 20:00
Fös. 20. maí » 20:00

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

RÚV tekur tónleikana upp verða þeir sendir út síðar í Sjónvarpinu og á Rás 1.

**Áætluð tímalengd:**
Fyrri hluti: 50‘
Hlé: 20‘
Seinni hluti: 55‘

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

# Emilíana Torrini og Sinfó

## Tónleikar í Eldborg 19. og 20. maí 2016 » 20:00

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Emilíana Torrini**
**Hugh Brunt** hljómsveitarstjóri
**Claudio Puntin** klarínett og rafhljóð
**Mara Carlyle** sög
**Mara Carlyle, Daisy Chute, Beta Ey og Elín Ey** bakraddir

***Blood Red*** *(MW)*
***Sunny Road*** *(AS)*
***Summerbreeze*** *(VOÁ)*
***Tvær stjörnur*** *(Megas/VOÁ)*
***Ha Ha*** *(AS)*
***Elísabet*** *(AS)*
***Birds*** *(CP)*
***Hold Heart*** *(MC)*
***Dead Things*** *(VOÁ)*
***Gollum's Song*** *(Howard Shore)*
*Hlé*
***Animal Games*** *(CP)*
***Serenade*** *(MC)*
***Seven Sorrows*** *(CP)*
***Caterpillar*** *(MW)*
***Lifesaver*** *(AS)*
***History of Horses*** *(MC)*
***Beggar's Prayer*** *(MC)*
***Autumn Sun*** *(AS)*
***Nothing Brings Me Down*** *(VOÁ)*
***Tookah*** *(HB)*
***Home*** *(HB)*

*Útsetningar: Albin de la Simone (AS), Claudio Puntin (CP), Hugh Brunt (HB), Mara Carlyle (MC), Max de Wardener (MW), Viktor Orri Árnason (VOÁ)*

**Emilíana Torrini** hefur um árabil verið í fremstu röð íslensks tónlistarfólks á heimsvísu. Hún hóf söngferil sinn í Skólakór Kársness þegar hún var sjö ára gömul og söng með kórnum fram á unglingsár. Fyrsti geisladiskur hennar kom út árið 1995 og síðan hefur hún hefur gefið út fjölda platna, m.a. *Love in the Time of Science* (1999), *Fisherman's Woman* (2005), *Me and Armini* (2008) og *Tookah* (2013). Hún hefur haldið tónleika um allan heim og hefur starfað með fjölda tónlistarmanna, m.a. GusGus, Kylie Minogue og Albin de la Simone. Þá söng hún lagið *Gollum's Song* í kvikmyndinni *The Lord of the Rings: The Two Towers* árið 2002. Þetta er í fyrsta sinn sem Emilíana kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún er höfundur flestra laganna á efnisskránni og valdi einnig útsetjara kvöldsins.

Hljómsveitarstjórinn **Hugh Brunt** er listrænn stjórnandi London Contemporary Orchestra, sem er margverðlaunuð hljómsveit sem sinnir nýrri tónlist. Hann hefur stýrt sveitinni síðan 2008 og komið fram með henni víða í Bretlandi og á meginlandi Evrópu, m.a. í Roundhouse, Barbican, Covent Garden-óperuhúsinu, Royal Festival Hall og í Aldeburgh. Hann hefur einnig komið fram á Aldeburgh-hátíðinni með Britten Pears Composers Ensemble, í National Theatre með Southbank Sinfonia, og starfar auk þess náið með City of London Sinfonia. Hann útsetti og stjórnaði tónlistinni í nýlegri mynd Justins Kurzel eftir *Makbeð* Shakespeares, og stjórnar einnig London Contemporary Orchestra á nýjum diski hljómsveitarinnar Radiohead, *A Moon Shaped Pool*.

**Claudio Puntin** er meðal helstu skapandi listamanna á allar gerðir klarínettu. Hann hefur tamið sér persónulegt tónmál sem byggt er á hinum ýmsu greinum tónlistarinnar, og má þar nefna raftónlist, óhefðbundna leiktækni, og hljóðfæri sem hann sjálfur hefur fundið upp. Meðal tónverka hans eru verk fyrir ýmsa óhefðbundna tónlistarhópa, sinfóníuhljómsveitir, kóra og rafhljóð auk tónlistar fyrir útvarpsleikrit og leikhús. Hann hefur starfað með listamönnum á borð við Fred Frith, Cörlu Bley, Skúla Sverrisson, Steve Reich og Ricardo Villalobos, og með tónlistarhópum á borð við Ensemble Modern og Musikfabrik auk þess að starfa með fílharmóníuhljómsveitum víða um heim. Hann hefur komið fram á tónlistarhátíðum í yfir 80 löndum og hljómdiskar hans hafa verið gefnir út af ECM, Ariunamusic og Deutsche Grammophon.

Franski píanistinn og tónskáldið **Albin de la Simone** er helst kunnur fyrir samstarf sitt með Jeanne Cherhal, Vanessa Paradis og Keren Ann. Hann hefur gefið út fjórar sólóplötur, meðal annars *Un Homme* (2013), sem vakti mikla athygli fyrir snjalla textagerð og grípandi laglínur. Hann hefur áður komið fram með Emilíönu Torrini, meðal annars í dúettinum *Moi Moi*.

Enski söngvarinn og lagasmiðurinn **Mara Carlyle** hefur lengi brætt saman klassískar og dægurhefðir á sína sérstöku vísu. Á fyrstu plötu hennar, sem kom út 2004, voru bæði hennar eigin lög og klassísk tónverk. Hún hefur komið fram með ótal klassískum tónlistarmönnum, m.a. gömbuleikaranum Liam Byrne og organistanum James McVinnie, sem báðir eru íslenskum tónleikagestum að góðu kunnir.

**Max de Wardener** er breskt tónskáld, framleiðandi og hljóðfæraleikari. Hann er kunnur fyrir tónlist sína fyrir kvikmyndir og sjónvarp, og starfar jafnt í djassi, klassík, heims- og raftónlist. Meðal kvikmynda sem hann hefur samið tónlist við eru myndir Pawels Pawlikowski, *The Last Resort* (2000) og *The Woman in the Fifth* (2011). Meðal verka hans sem eru innblásin af klassískri tónlist eru pantanir frá Elysian strengjakvartettinum og Sinfóníuhljómsveit Lundúna.

**Viktor Orri Árnason** stundaði tónlistarnám við Listaháskóla Íslands og Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín. Hann hefur starfað með fjölda tónlistarhópa á Íslandi, meðal annars Hjaltalín, en hann hefur verið meðlimur þeirrar hljómsveitar síðan 2006. Hann er einnig stjórnandi, fiðluleikari og listrænn meðstjórnandi hópsins SKARK og hefur stjórnað tónlistarhópum á borð við Berlin Music Ensemble og Kammersveitina í Sidney.



# Hljómsveit á tónleikum
19. og 20. maí 2016

**1. Fiðla**
Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Árnadóttir
Hlíf Bente Sigurjónsdóttir
Martin Frewer
Ágústa María Jónsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir

**2. Fiðla**
Roland Hartwell
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Pascal La Rosa
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

**Víóla**
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir

**Selló**
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlía Mogensen

**Bassi**
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

**Flauta**
Áshildur Haraldsdóttir
Emilia Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

**Óbó**
Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Össur Ingi Jónsson

**Klarínett**
Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

**Fagott**
Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

**Horn**
Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

**Trompet**
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

**Básúna**
Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

**Túba**
Nimrod Ron

**Harpa**
Katie Buckley

**Píanó/Celesta**
Anna Guðný Guðmundsdóttir

**Pákur**
Eggert Pálsson

**Slagverk**
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Einar Valur Scheving

Hljóð: Róbert Steingrímsson og Jón Skuggi
Ljós: Agnar Hermannsson

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

*Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands*

**Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.**

# *Sigrún:* Auðvitað þykir okkur rosalega *vænt um fiðluna* en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. *Sigurlaug:* Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og *gott ástarsamband*, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

